

Árshlutareikningur Landsnets fyrir janúar – júní 2023 var lagður fram í dag.

Guðlaug Sigurðardóttir framkvæmdastjóri fjármála og árangurs hjá Landsneti segir rekstur gengið vel þrátt fyrir áframhaldandi áskoranir í aðfangakeðjunni

„Rekstur félagsins hefur gengið vel og hagnaður tímabilsins var 14,9 MUSD. Við erum áfram að takast á við áskoranir við öflun aðfanga, bæði hvað varðar afhendingartíma búnaðar og hækkanir á verðum. Þetta hefur þýtt að fjárfestingar eru undir áætlun á tímabilinu og útlit er fyrir að svo haldist út árið. Með þessa óvissu í ytra umhverfi er enn mikilvægara að viðhalda sterkri stöðu félagsins sem skapast fyrst og fremst út af faglegum vinnubrögðum og stöðugleika í lagaumhverfinu.

Við hjá Landsneti höfum tekist á við ýmsar óvæntar áskoranir og krefjandi verkefni á tímabilinu sem hafa þó ekki haft teljandi áhrif á rekstrarniðurstöðu. Má þar nefna bilun á sæstreng til Vestmannaeyja. Á meðan viðgerð strengsins stóð voru fundnar hagkvæmar lausnir til að tryggja flutning raforku til Eyja sem að öðrum kosti hefði þurft að leysa með keyrslu díselvéla með umtalsverðum kostnaði eða allt að 500 millj.kr. Þessi útfærsla leiddi til verulegs sparnaðar, auk jákvæðra umhverfisáhrifa, en komið var í veg fyrir losun gróðurhúsalofttegunda sem nam 7.400 tonna af koltvísýringi.

Mikilvægur áfangi náðist í afhendingaröryggi þegar tengivirkið í Hrútatungu var tekið í notkun í vor. Þá er ánægjulegt að samkomulag náðist á fyrri hluta ársins um útgáfu framkvæmdaleyfis við síðasta sveitarfélagið á leið Suðurnesjalínu 2. Tvítenging flutningskerfis út á Reykjanes er ein af mikilvægustu framkvæmdum flutningskerfisins en framkvæmdin getur hafist um leið og lokið er við síðustu samninga við landeigendur.“

Helstu atriði árshlutareiknings:

Hagnaður Landsnets hf. samkvæmt rekstrarreikningi nam 14,9 m. USD (2.083,3 millj.kr)¹ fyrstu 6 mánuði ársins 2023 samanborið við 19,5 m. USD (2.721,1 millj.kr) á sama tímabili árið 2022. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði (EBIT) nam 29,9 m. USD (4.177,8 millj.kr) samanborið við 32,7 m. USD (4.571,9 millj.kr) árið áður.

Heildareignir félagsins í lok tímabilsins námu 1.065,6 m. USD (145.823,3 millj.kr) samanborið við 1.032,4 m. USD (141.277,1 millj.kr) í lok árs 2022. Heildarskuldir námu í lok tímabilsins 593,8 m. USD (81.259,1 millj.kr) samanborið við 550,1 m. USD (75.276,9 millj.kr) í lok árs 2022.

Eiginfjárlutfall í lok tímabilsins var 44,3% samanborið við 46,7% í lok ársins 2022. Eigið fé í lok tímabilsins nam 471,8 m. USD (64.564,2 millj.kr) samanborið við 482,3 m. USD (66.000,2 millj.kr) í lok árs 2022.

Handbært fé í lok júní nam 52,8 m. USD (7.220,3 millj.kr) og handbært fé frá rekstri á tímabilinu nam 39,4 m. USD (5.510,8 millj.kr).

Nánar á www.landsnet.is þar sem hægt er að nálgast ársreikninginn.

¹ Til viðmiðunar eru sýndar íslenskar krónur, notast var við meðaltal miðgengis Seðlabanka fyrir tímabilið USD/ISK 139,75 fyrir rekstrartölur en lokagengi miðgengis Seðlabanka þann 30. júní 2023 USD/ISK 136,85 fyrir efnahagstölur.

Nánari upplýsingar gefur Guðlaug Sigurðardóttir framkvæmdastjóri fjármála og árangurs Landsnets, sími 563-9300 eða á netfanginu guðlaugs@landsnet.is

Helstu niðurstöður rekstrarreiknings, lykiltölur efnahagsreiknings og kennitölur (fjárhæðir eru í þúsundum bandaríkjadala)

<i>Fjárhæðir eru í þús. USD</i>	1.1.-30.6.2023	1.1.-30.6.2022	1.1.-30.6.2021	1.1.-30.6.2020
Rekstrarreikningur				
Rekstrartekjur	84.082	87.522	73.135	63.807
Rekstrargjöld	(54.187)	(54.807)	(44.450)	(41.830)
Rekstrarhagnaður	29.895	32.715	28.685	21.977
Hrein fjármagnsgjöld	(11.463)	(8.501)	(8.143)	(1.663)
Áhrif hlutdeildarfélags	165	103	41	80
Hagnaður fyrir tekjuskatt	18.597	24.317	20.583	20.394
Tekjuskattur	(3.690)	(4.846)	(4.112)	(4.067)
Hagnaður	14.907	19.471	16.471	16.327

<i>Fjárhæðir eru í þús. USD</i>	30.6.2023	31.12.2022	31.12.2021	31.12.2020
Efnahagsreikningur				
Fastafjármunir	982.193	972.882	963.536	858.575
Veltufjármunir	83.377	59.468	56.640	52.863
Eignir samtals	1.065.570	1.032.350	1.020.176	911.438
Eigið fé	471.788	482.281	470.557	404.848
Langtímaskuldir	515.855	496.300	478.002	439.828
Skammtímaskuldir	77.927	53.769	71.617	66.762
Eigið fé og skuldir samtals	1.065.570	1.032.350	1.020.176	911.438

<i>Fjárhæðir eru í þús. USD</i>	1.1.-30.6.2023	1.1.-30.6.2022	1.1.-30.6.2021	1.1.-30.6.2020
Sjóðstreymi				
Handbært fé frá rekstri	39.433	41.843	36.902	25.531
Fjárfestingahreyfingar	(26.555)	(20.155)	(44.522)	(29.284)
Fjármögnunarhreyfingar	12.202	(18.412)	19.330	15.377
Áhrif gengisbreytinga	1.356	414	(90)	(1.230)
Handbært fé í ársbyrjun	26.325	25.224	25.766	30.973
Handbært fé í lok tímabils	52.761	28.914	37.386	41.367

<i>Fjárhæðir eru í þús. USD</i>	1.1.-30.6.2023	1.1.-30.6.2022	1.1.-30.6.2021	1.1.-30.6.2020
Helstu kennitölur				
EBITDA	47.816	49.312	43.719	36.682
	30.6.2023	31.12.2022	31.12.2021	31.12.2020
Eiginfjárhlutfall	44,3%	46,7%	46,1%	44,4%

Um Landsnet

Landsnet tók til starfa árið 2005 og ber ábyrgð á flutningskerfi raforkunnar, einum af mikilvægustu innviðum samfélagsins. Hlutverk félagsins er að annast flutning raforku á Íslandi, uppbyggingu flutningskerfisins og stjórnun raforkukerfisins.